

**Fundargerð 28. Maí 2024 - vinnufundur  
Umhverfis- og loftslagssnefndar Fljótshrepps**

Fundurinn er haldinn í Végarði þriðjudaginn 28. Maí 2024 kl: 15.

Mætt til fundar: Brynjar Darri Kjerúlf, Guðni Jónsson, Halla Auðunardóttir, Júlía Hjartardóttir Kjerúlf, Róshildur Ingólfisdóttir og Helgi Gíslason sveitarstjóri.  
Agnes Brá Birgisdóttir var gestur fundarinnis og stjórnaði fundinum.

Agnes fór yfir eftirfarandi tillögur sem voru ræddar og samþykktar.

Hér koma tillögur/breytingar:

- Í uppfærðri umhverfisstefnu Fljótshrepps, er lögð til breyting á nafni skjalsins/stefnunar: Samfélagssáttmáli eða Sjálfbærnistefna Fljótshrepps. Kaflar voru sameinaðir og kaflaheitum breytt. Ákveðið var að nota Samfélagssáttmáli Fljótshrepps og er það sjálfstæð stefna.
- Hugmynd að nýju skjali sem er loftslagsstefna með megin aðgerðaáætlun - skjalið heitir Loftslagsstefna Fljótshrepps.
- Vöktunaráætlun og grænt bókhald fyrir sveitarfélagið.

Ekki náðist að klára yfirferð á Samfélagssáttmálanum og var ákveðið að nefndin myndi hittast mánudaginn 3. Júní 2024.

Fundi slitið kl 17:15

Halla ritaði fundargerð í tölvu.